

(Gert 13 október 2014)

Smærri samfélög viðkvæmari en stærri.

Konráð Rúnar Friðfinnsson, tók saman



Gömul ljósmynd frá Hafnarfirði og sjást gömlu trébyggjarnar á myndinni.

Segja má að hafnfirðingar, rétt eins og önnur byggðarlög landsins, hafi líka fengið að kynnast sjóslýsum í gegnum sína sögu og að horfa upp á töluvert stór skörð högginn í sínar raðir af völdum þeirra sem og syrgði margan í bænum og gerðist á meðan samfélagið við fjörðinn var nánara og meiri kunningskapur ríkjandi í því heldur en kannski varð seinna. Sannleikurinn er að festa íbúa, átt við kyrr á sama stað, eykur líkur á að náíð samfélag verði til. En sú var raunin á Íslandi áður en allir þessir flutningar hófust og sumpart rötleysi á fólki og endalaus þörfin til að færa sig um set.

Náin kunningskapur verður til þegar sama fólk býr lengi á sömu torfu, ef svo má segja, og elur mest allan sinn aldur í segjum næsta húsi. Slíkur lífsstíll fær búið til náíð samfélag sem engin þrætir fyrir að sé og að hafi líka í mörgum tilvikum verið sannleikurinn í Hafnarfirði. Höfundur man að dæmi sé tekið sjálfur eftir sínum heimareit í vesturbæ Hafnarfjarðar og fólki sem bjó svona í næstu götum hringinn í kring og var þar meira og minna öll hans uppvaxtarár. Allt þetta hopaði með stækkun bæjarins og er fólk hóf að flykkjast suður í, segi ég, kjölfarið á síldarhruninu 1968 og í örvæntingunni sem sumpart greip þá um sig. Þetta breytti bæjarmyndum víða í landinu hvort sem var á landsbyggðinni sjálfri, þaðan sem fólkið kom, eða á þéttbýliskjörnum syðra sem við köllum Stór- Reykjavíkursvæðið. Þegar við tölum um " Stór- Reykjavíkursvæðið " var í fyrstu átt við Reykjavík, Kópavog og svo Hafnarfjörð. Síðar bættust við Silfurtún (nú Garðabær) Mosfellssveit og Álftanes sem nú orðið eru flokkuð með þessu Stór- Reykjavíkursvæði.

Hvarf síldarinnar 1968 tel ég vera helstu ástæðu fólksfjölgunarinnar sem þá gerðist og sem breytti svo mörgu í þessum bæjarkjörnum hvað sem á eftir okkur kann að finnast um. Hrun síldarstofnsins 1968 gerði að verkum að stór hópur manna og kvenna, og fjölskyldur á þessum svæðum, sem upplifðu hvað mestan uppgang síldveiðanna, horfði upp á það á einni nóttu að sínar glæstustu vonir og miklu væntingar hurfu eins og dögg fyrir sólu og öryggið um leið út um gluggann og fengu í staðin öryggisleysi og fjölda spurninga um hvað yrði og svo framvegis. Hvaða ástæða önnur gæti hafa legið til grundvallar hjá fólki sem ákveður að rífa upp rætur sínar jafn erfitt og það nú er fyrir sumt af því sem rekja ættir sínar til síns gamla byggðarlags og jafnvel langt aftur í aldir en þarf vegna uppkominna aðstæðna, þó fyrirséðna, grannt gáð, senn að yfirgefa og færa sig um set og sumpart út í óvissuna? Allir vita hvað þeir hafa í hendi en ekki hvaða spil þeir muni fá næst er gefið verður. Og nú á nýjum stað. Öryggið er mikilvægt öllum. Þó allt svoleiðis sé vitaskuld einstaklingsbundið.

Fólkið kom suður með allt sitt hafurtask, settist að í húsum við þessa og hina götuna, í til að mynda Hafnarfirði, og gatan og íbúarnir sem áður voru svo kunnuglegir fólkinu sem fyrir var upplifir eftir rótið og fólksflutningana fulla af ókunnum andlitum bera fyrir gluggann sinn sem áður gengu fyrir gamlir vinir og kunningjar sem oft komu við í kaffi og sögðu húsráðanda fréttir af einu og öðru og mis gagnlegu eins og gengur. Nú er annað uppi á teningnum og andlitin sem bera fyrir sama glugga öll meira og minna ókunnug. "Hverra manna er hann þessi og hvaðan af landinu ætli hann sé"- eru nú spurningar sem vakna og tíma tekur fyrir íbúa að fá svar við og ræðst af því hve lengi viðkomandi búi í húsinu sem hann flutti inn í. En um það atriði getur engin vitað. Að kynnast nýju fólki tekur sem vitað er tímenn sinn sem ekki var svo strembið áður af þeirri ástæðu að sumir ólust upp á sama svæði og bjuggu sem nágrannar árum saman, léku sér saman á tíma leikjanna, hrópanna og ærsla barnsáranna og heima hvorir hjá öðrum en breyting er nú orðin á og bærinn fullur af ókunnugu fólki sem fæstir vita deili á. Svo sem gott og allt saman það en samt breyting sem engin þrætir fyrir að orðin sé á bæjarfélaginu við Fjörðinn fagra og öðrum bæjarfélögum íslenskum og menn komnir yfir miðjan aldur muna vel eftir.

Hér er ekki lagt neitt mat á rétt og rangt, gott og vont heldur einvörðungu bent á breytinguna sem orðin er á íslenskum bæjarfélögum almennt á suðvesturhorninu og þéttbýliskjörnum sem öll meira og minna breyttust úr kunningjasamfélögum, þið vitið, allir þekkja alla, í samfélög sem menn vita lítt og ekkert hvorir um aðra og skyndileg og hröð fólksfjölgun ein megnar. Að þessu leiti hefur orðið gríðarleg breyting á. Gamla góða þúfan sem menn ólu allan sinn aldur sinn á er kominn í sögubækurnar og aðrir hætta teknir við sem sumum líkar en öðrum ekki eins vel, segjum það. Allt hófst þetta eftir skellinn sem hvarf síldarinnar olli 1968 og vonleysinu sem þá greip um sig.

Já ágæti lesandi! Fólksstraumurinn lá á þessum árum til suðurs. Og þar vildu menn komu sér fyrir ásamt fjölskyldu og hefja nýtt líf á nýjum stað. Sumir fluttu allt sitt hafurtask til Reykjavíkur, sumir til Kópavogs og sumir Hafnarfjarðar. Oft hafði fólk sem fluttist til Hafnarfjarðar og eða Kópavogs þá hugsun að fara heldur þangað sem færra fólk væri en koma sér fyrir beint ofan í hringið sjálfrar höfuðborgarinnar. Taldi smærri kaupstaðina í nágrenni höfuðborgarinnar líkjast meira þeirra eigin gömlu heimabyggð og vænlegri kost fyrir sig. Sem vel má taka undir að hafi verið.

Sumt af þessu fólki sem kom tók sig fljótt upp aftur fluttist með allt sitt hafurtask til útlanda. " Gull og grænir skógar " - sagði það og líka upplifði sumpart. Margt af þessu fólki kom ár sinni vel fyrir erlendis og er bara besta mál.

Höfundur mann sjálfur eftir aðfluttum vélstjóra í Hafnarfirði sem byggði sér mikið hús í vesturbænum og nálægt Sundhöll Hafnarfjarðar sem um 1970, muni hann rétt, fluttist ásamt fjölskyldu sinni alla leið til Ástralíu og hefur honum vitanlega aldrei snúið til baka. Þessi maður var ekki sá eini sem fór eftir skellinn á miðunum 1968 til Ástralíu. Allmargir Íslendingar fylgdu í kjölfarið. Einhverjir komu til baka eftir þó allmörg ár. Mann sjálfur eftir einum manni sem ásamt fjölskyldu sinn kom aftur heim eftir um fimmtán ára dvöl hjá andfætlinga Íslendinga og þá alkominn. Hvar sem hann er niðurkominn í dag 2014 er annað mál. Margir eldri hafnfirðingar muna eftir fólki, kannski grönnum, sem pakkaði sínu saman og hvarf yfir hafið til lands kengúranna langt í burtu eftir að síldin hvarf burt af miðunum austur og norður af landinu. Við sjáum samhengið á milli þessara flutning fólks suður og erlendis við síðasta alvöru síldarleysið sem landinn lifði á sínum tíma.

Eftir að þessi breyting er orðin á í Hafnarfirði hvarf smá saman þessi náni og mikli kunningskapur, allir þekktu alla dæmið, sem gerbreytti talsvert landslagi sjálfrar bæjarmyndarinnar og breytti úr kunningjasamfélag yfir í ókunnugt. Allir sem muna gætu ef eir vildu sjálfir vel tekið undir þetta. Allt hins vegar var þetta prýðisfólk sem kom og ekki verið að tala neitt um það sérstaka mál heldur benda á hvernig þróunin hagar sér og menn hafa svo lítið um að segja og bara kemur.

Rót og endalausir flutningar milli húsa, gata og hverfa kemur í veg fyrir að alvöru tengingar komist á í þessu og hinu íbúðarhverfinu eins og var hið algenga í Firðinum sem allt lognið er í á sumarkvöldum, segjum, árið 1950 er mótorskellir fiskibáta að koma og eða fara til hafs og veiða var hið algenga og kunnuglega í bænum þeim og gilti líklega til ársins 1970 er útséð var um síldina og allt þetta rót byrjaði og er í dag hið algenga á Stór Reykjavíkursvæðinu og ekkert lát á. Allir vita líka að fólk er meira eitt með sjálfu sér og sín tæki og inn í sínu eigin herbergi en var áður af þeirri einföldu ástæðu að tækja eign fólks var í þann tíð lítil og engin og húsakostur annar en síðar varð hvort sem var í Hafnarfirði eða öðrum bæjarfélögum íslenskum. Nokkrir þættir spila hér sína rullu og víst erfitt að þræta fyrir.

Meiri nálægð fólks hvort við annað merkir að högg af völdum slysa og mannskaða kemur einhverveginn öðruvísi við fólk og verr en gerist í stærri einingum. Hörmuleg slys og miklir mannskaðar sem gerast lama auðveldlega smærri samfélög og erfiðara að vinna úr og með slík mál vegna þess að svo margir í bænum harma og syrgja og líklega allir hafi vitað deili á manneskjunni/unum sem fórust. Þetta veldur að kannski allt fellur inn í sorg. Svona lagað fær síður snert stærri samfélög af eðlilegum ástæðum þar sem allt er orðið svona fjarskildara og menn í mesta lagi málkunnugir hvorir öðrum. Þó að viss samhugur geti vel ríkt er slíkir voðaatburðir gerast. Sem er annað mál.

Vélbáturinn Edda GK 25 frá Hafnarfirði ferst.



Vélbáturinn Edda GK 25. Glæslegt skip.

Í upphafi pistilsins er getið um að hafnfirðingar eigi sína eigin sögu um sjóslys sem kom verulega við kaun bæjarbúa og lét engan í bænum ósnertan og rekja má beint til þessa nána kunningsskapar sem ríkti og smæðin ein fær búið til.

Edda GK 25 frá Hafnarfirði fórst 16 nóvember 1953 í Grundarfirði og þar skammt frá landi og var hörmulegt slys. Vélbáturinn Edda var smíðaður í skipasmíðastöðinni Dröfn í Hafnarfirði og kjölur lagður 1942 og báturinn afhentur eigendum sínum Einari Þorgilssyni og co. ári seinna 1943. Edda GK 25 var stærsti trébátur sem þá hafði verið smíðaður á Íslandi og var 180 tonn. (Snæfell EA 740 sem margir muna eftir og vita að lá lengi við bryggju á Akureyri var 165 tonn að stærð og smíðaður norður á Akureyri 1943 og nokkuð minna skip en Edda. Við sjáum að vélbáturinn Edda hefur verið stór bátur og spurning um hvort stærri trébátur hafi verið smíðaður í landinu. Sjálfur er ég ekki viss um að svo hafi verið. Smá útúrdúr) Bátinum hvolfdi í miklum sviptivindi sem gekk yfir Grundarfjörð og fórust með honum níu menn en átta manns var bjargað úr þessum hildarleik eftir nokkrar hrakningar. Af þeim sem fórust með Eddunni voru sjö frá Hafnarfirði og samtals níu manneskjur en átta komust af. 17 manna áhöfn var um borð og allt vaskir ungir menn sem lífið blasti allt saman við en dauðinn kom og tók burt í blóma lífsins, eins og stundum gerist í þessu sumpart einkennilega lífi okkar manna.



Vélskipið Snæfell EA 740 var smíðað á Akureyri og lengi gert út þaðan.
Snæfell EA 740 rétt eins og Edda GK 25 var tréskip.

Sagan á bak við slys Eddu er að klukkan fjögur um nóttina 16 nóvember 1953 gekk gríðarlegur sviptivindur yfir og velti bátnum í einni svipan. Lá þá Eddan ásamt nokkrum öðrum bátum við Grafarnes og um þrjú hundruð metra frá landi. Skipið var við festar sem hélt illa og þurfti skipið að færa sig af og til og stóð skipstjórinn Guðjón Illugason í brúnni. Nýlega höfðu farið fram vaktaskipti og margir skipverjar í kojum sínum. Stýrimaður var á leið upp í brú til skipstjóra, er slysið varð. Í ógurlegri stormhrinu sem yfir reið, lagðist Eddan á hliðina og lá um stund þannig, en hvolfdi svo alveg. Með kjölinn upp flaut skipið um hríð og komust 15 af 17 mönnum á kjöl. Margir voru illa búnir og sumir á nærklæðunum einum. Höfðu enda legið í rekkjum sínum.

Þótt mörg skip væru á svæðinu gerði myrkrið, særokið og vindgnauðið að verkum að engin varð slyssins var né heldur heyrðu hróp skipbrotsmanna af kilinum. Um borð í Eddu voru tveir nótabátar og missti báturinn annan en hinn var bundin við skipið og marraði í hálfu kafi, nær fullur af sjó. Ellefu af þeim fimmtán sem komust á kjölinn tókst nú að komast yfir í bátinn, og verður að teljast mikil þrekaun hjá þeim miðað við aðstæðurnar sem þeir þá voru í.

Er auðséð varð að skipið mundi senn sökkva skáru skiprotsmenn á línuna sem tengdi þá við sökkvandi skipið og hófst þá hrakningar för þeirra undan vindi og sjó út Grundarfjörð í fyrstu morgunskímunni.



Vélskipið Edda, GK 25, í Hafnarfirði. Eigandi: Einar Þorgilsson og Co.



Ljósmynd úr Tímanum sem út kom 18 nóvember 1953.

Þegar birti sáu menn á hinum skipunum að Edda var þar hvergi sjáanleg og horfin af legunni. Í fyrstu grunaði engan hvað gerst hefði og töldu menn að Eddan hafi farið til að leita nótabátsins sem þeir misstu. Þótti mönnum það reyndar einkennileg ráðstöfun í svo vondu veðri.

Er mennirnir voru komnir yfir í nótabátinn tókst þeim að mestu að þurrausa hann og notuðu til verksins sjóstígvél og einn sjóhatt. Bátinn rak út fjörðinn og var ógerlegt að koma vélinni í gang. Sjór gekk yfir bátinn. Klukkan níu um morguninn rak bátinn upp á svonefnt Bársker, sem er fram af bæjunum Norður- og Suður- Bár. Gríðarleg brimrót var þarna og særök. Báturinn brotnaði nokkuð að ofan en ekki kom samt á hann gat, sem var mikil mildi. Aðfall var, en báturinn sat þarna samt í um þrjár stundir, áður en svo var fallið að að báturinn næði að fljóta inn fyrir skerin. Þegar svo var komið, voru tveir skipverjar látnir af vösbúðinni.

Bar nú bátinn upp í fjöru á Suður- Bár, og hafði fólk ekki séð bátinn, en um 500 metrar voru í skerið frá landi og nokkur spölur úr fjörunni og heima að bæ og allar aðstæður á staðnum með þeim hætti að þess var varla von að fólk kæmi auga á slysið.

Er báturinn lenti í fjörunni gengu skipbrotsmenn þegar í átt að bænum, og var þá einn skipbrotsmanna svo aðframkominn að hann var vart með lífsmarki.

Um þær mundir sem mennirnir héldu frá bátnum, sá til þeirra 17 ára piltur frá bænum og hljóp þegar til þeirra og varð fyrstur heimamana til að liðsinna þessum hröktu sjómönnum, en annað heimilisfólk kom fljótt að og veitti alla þá aðhlyningu sem það mátti.

Að minnsta kosti tveir af þeim níu mönnum sem fórust með Eddu GK 25 voru jarðsungnir í Hafnarfgjarðarkirkju.

Strand vélbátsins Eddu GK er mesta hrakningarsaga og snerti margan hafnfirðinginn á sinni tíð og líklegt að vart nokkur bæjarbúi árið 1953 hafi getað leitt slysið með öllu hjá sér af nálægðinni einni saman við aðra bæjarbúa. Hér skal og haft í huga að Hafnarfjörður á þessum tíma 1953 snérist allur meira og minna um sjómenn, báta, togara, fisk verkun fiskjar og aflbrögð sem gerði að verkum að sjóslys snart fólkið í bænum og líklegt að flestir bæjarbúar hafi vitað einhver deili á mönnum sem fórust með vélbátnum Eddu, að dæmi sé tekið. Við erum að horfa á aðra bæjarmynd en nú sést í Hafnarfirði og er borðleggjandi staðreynd. Hvað sem mönnum á eftir kann að finnast um.

Þeir, sem fórust með vélskipinu Eddu voru:

Sigurjón Guðmundsson, Austurgötu 19, Hafnarfirði. 34 ára, I. vélstjóri. Hann lætur eftir sig konu og fimm börn, og átti foreldra á lífi. Börnin voru öll ung, innan við fermingu.

Sigurður Guðmundsson, Vesturbraut 1, Hafnarfirði. 28 ára, II. vélstjóri. Hann lætur eftir sig konu og eitt fósturbarn, og átti foreldra á lífi.

Jósep Guðmundsson, Vesturbraut 1, Hafnarfirði (bróðir Sigurðar vélstjóra). Háseti. Hann var ókvæntur.

Guðbjartur Guðmundsson. Suðurgötu 94, Hafnarfirði. 42 ára, háseti. Hann lætur eftir sig konu og fimm börn og átti foreldra á lífi.

Guðbrandur Pálsson, Köldukinn 10, Hafnarfirði. 42 ára, háseti. Hann lætur eftir sig konu og sex börn og átti aldraða móður á lífi. Börnin eru flest ung, en tvö um fermingu.

Albert Egilsson, Selvogsgötu 14, Hafnarfirði. 30 ára, háseti. Hann lætur eftir sig konu og eitt barn og átti móður og fósturmóður á lífi.

Stefán Guðnason, frá Stöðvarfirði. 18 ára, háseti. Hann var ókvæntur, en átti móður á lífi.

Sigurjón Benediktsson, Vesturbraut 7, Hafnarfirði. 17 ára, háseti. Hann átti aldraða foreldra á lífi.

Einar Ólafsson, Skeljabergi, Sandgerði, 19 ára, háseti. Hann lætur eftir sig unnustu og átti foreldra á lífi.

Þeir, sem af komust eru:

Guðjón Illugason, skipstjóri.

Guðmundur Ársæll Guðmundsson, stýrimaður.

Ingvar Ingvarsson, matsveinn.

Bjarni Hermundsson, háseti.

Guðmundur Ólafsson, háseti.

Óskar Vigfússon, háseti.

Ágúst Stefánsson, háseti. Allir búsettir í Hafnarfirði,

og Guðjón Vigfússon, háseti, Silfurtúni (Garðabær. Innskot höfundar) við Hafnarfjörð.

Í febrúar 1959 urðu hafnfirðingar fyrir öðru áfalli er togarinn Júlí GK fórst ásamt allri áhöfn 32 mönnum á Nýfundnalandsmiðum. Hve margir úr áhöfn Júlí voru hafnfirðingar þekkir höfundur ekki en giskar á að hafi verið meirihluti hennar.

Sem betur fer hefur sjóslysum og mannskaða af þeirra völdum fækkað verulega og heyra í dag undir undantekningar. Og kemur þar margt til. Eins og hugarfarsbreyting hjá sjómannastéttinni og betri fræðsla um öryggismál hverskonar.



Vélbáturinn Edda GK 25 siglir hér nýr og fánnum prýddur líklega 1943.
Skipasmíðastöðin Dröfn sá um smíðina. Glæsilegt skip.